

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá bs. Stekkjarvík



Dags eftirlits	3.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Norðurá bs.	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson / Magnus B. Jónsson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	441620,709 580284,876

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu er varðar skil á útstreymisbókhaldi. Eitt frávik er opið úr eftirliti 2.5.2019 sem varðar hreinsun sigvatns.

UMFANG EFTIRLITS

Rætt var um virkni hreinsivirkis í eftirlitinu. Í bréfi sem fylgdi eftirlitsskýrslu úr síðasta eftirliti sem fór fram 13. nóvember 2021 var óskað eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna fráviks sem sett var í eftirliti 2.mai 2019. Frávikid var frá gr. 3.3 í starfsleyfi og var frávikid sett því að mæligildi voru hærri fyrir neðan hreinsivirki en fyrir ofan það. Í upprunalegri úrbótaáætlun kom fram að settur var niður nýr brunnur og mælt var í honum haustið 2019. Jafnframt kemur þar fram að eftir reglubundnar mælingar vorið 2020 ætti að taka ákvörðun um hvort að farið yrði í framkvæmdir til að auka virkni setubeðsins. Reglubundnar mælingar voru ekki framkvæmdar vorið 2020 (sjá frávik í skýrslu 13.11.2021) en slíkar mælingar voru framkvæmdar haustið 2020 og sýna þær að einhverju leyti sömu niðurstöður og áður, það er að gildi eru hærri neðan hreinsivirkis en ofan þess. Í uppfærðri úrbótaáætlun sem barst stofnunni 6. janúar 2021, óskar rekstraraðili eftir því að mæla aftur vorið 2021 og út frá þeim mælingum yrði tekin ákvörðun um hvort taka þyrfti upp setubeðið í hreinsivirkinu. Framsetning mæligagna var að mati Umhverfisstofnunar ekki fullnægjandi og því óskaði Umhverfisstofnun eftir að eftirlit fór fram eftir gögnum frá rekstraraðila sem væru betur framsett og með frekari túlkun en áður.

Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg tók gildi eftir síðasta eftirlit. Rekstraraðili var hvattur til að kynna sér reglugerðina.

Umfang urðaðs úrgangs árið 2020 var yfir starfsleyfismörkum. Fyrir liggur starfsleyfisumsókn um aukna urðun á staðnum.

Grænt bókhald barst stofnuninni á tilsettum tíma en útstreymisbókhald barst eftir að frestur var liðinn.

Engar kvartanir né ábendingar hafa borist stofnuninni síðan í síðasta eftirliti. Engin mengunaróhöpp hafa átt sér stað síðan í síðasta eftirliti.

Farið var yfir áhættumat fyrir tíðni eftirlits og er rekstraraðili nú í flokki B og því er eitt eftirlit á ári.

Að eftirlitsfundi loknum var farið í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Umgengni á staðnum leit vel út í eftirlitinu og staðurinn leit snyrtilega út

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 5.4. í starfsleyfi

Rekstraraðil skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður útstreymisbókhalds fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Útstreymisbókhald fyrir árið 2020 barst 18. maí sl.

ANNAÐ

Samhliða eftirlitsfundi fór fram samráðsfundur skv. gr. 1.10 í starfsleyfi. Sigríður Hjaltadóttir sat fundin fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.08.2021

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir

